

## Viðmið vegna lágmarksmönnunar leikskóla Auðarskóla

Markmið með viðmiðunum er að tryggja öryggi og námsaðstæður barna og starfsumhverfi starfsfólks.

Um neyðarráðstöfun er að ræða. Ef upp koma aðstæður í leikskóla að fjarvera starfsfólks er það mikil að stjórnendur telja öryggi barna ekki tryggt og ábyrgð starfsfólks of mikil þarf að grípa til eftirfarandi aðgerða.

Undirmönnun telst þegar barnafjöldi á leikskólakennara á hvern starfsmann fer yfir 8 barngildi. Hversu alvarleg undirmönnunin er ræðst m.a. af hversu mikil hún er og hversu langan tíma er unnið á lágmarksþjölda starfsfólks. Fari undirmönnun yfir 8 barngildi eða sé viðvarandi í 8 barngildum í two daga í röð þarf að grípa til aðgerða.

Allt starfsfólk leikskólans vinnur saman og aðstoða við það sem þarf og allir ganga í þau störf sem mikilvægast er að manna.

Stjórnendur reyna ávallt allar leiðir til að halda starfsemi leikskólans gangandi með aðgerðum sem listaðar eru í viðmiðum.

### Ástæður undirmönnunar

Á ákveðnum tíum geta fjarvistir starfsfólks orðið verulegar og geta ástæður fjarverunnar verið til dæmis vegna:

- Veikindi starfsfólks.
- Veikinda fjölskyldumeðlima.
- Vegna lokunar leik- og grunnskóla vegna faraldurs.
- Vegna veðurs og ófærðar
- Önnur tilfallandi forföll starfsfólks.

### Aðgerðaráætlun

Áður en börn eru send heim og í þessari röð:

1. Börn og starfsfólk færð á milli deilda til að jafna barngildi og tryggja þannig öryggi barna og að hvergi sé undirmannað.
2. Leikskólakennrarar/starfsfólk/stjórnandi sem eiga lögbundinn rétt á undirbúningstíma þurfa að skerða eða fresta sínum undirbúningstíma.
3. Stuðningsúrræði og sérkennslu er frestað.

4. Mannfrekari starfssemi eins og þemavinna, listgreinakennsla, vettvangsferðir o.fl. er frestað.

5. Frjáls leikur og/eða útivist eru aukin.

6. Síðasta aðgerð í viðmiðum er að senda börn heim.

## Viðmið þegar börn eru send heim

Senda verður ákveðinn fjölda barna heim úr leikskólanum og miðast fjöldinn við þau barngildi sem Dalabyggð ákvarðar á hvern starfsmann. Hver starfsmaður ber ábyrgð á ákveðnum fjölda barna. Fjöldi barna sem sendur er heim ræðst af fjölda starfsfólks sem eru fjarverandi og aldri barna að undangengnu mati á fjarveru starfsfólks í leikskólanum og samstarfi á milli deilda.

Viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann eru:

- 1 árs – 4 börn
- 2 ára – 5 börn
- 3 ára – 6 börn
- 4 ára – 8 börn
- 5 ára – 10 börn

- Dreifa skal skerðingunni eins og kostur er þannig að tryggt sé að öll börn verði fyrir skerðingu einu sinni áður en skerðing kemur til framkvæmda öðru sinni.
- Komi til skerðingar skulu systkini vera heima á sama tíma.
- Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu á þjónustu Auðarskóla, skulu börn starfsfólks alla jafna ekki send heim.
- Skerðing getur verið fólgin í því að börn séu heima, ýmist hluta úr degi (sótt fyrr eða koma seinna) eða allan daginn.
- Foreldrar greiða ekki dvalar- og fæðisgjald fyrir þann tíma sem þjónusta fellur niður.

## Samskipti við foreldra

Reynt skal að tilkynna foreldrum um skerðingu með eins löngum fyrirvara og kostur er. Þá skal reynt að gefa foreldrum aðvörðun ef líkur eru á neyðarástandi, en leikskólinn áskilur sér þann rétt að grípa til fyrirvaralausrar skerðingar vegna óviðráðanlegarar undirmönnunar.

Hringt er í þá foreldra sem þurfa að sækja börn sín. Aðstoðarleikskólastjóri og/eða staðgenglar sjá um að hafa samband.

## **Samskipti við stjórnsýslu Dalabyggðar**

Skólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri tilkynnir skrifstofu Dalabyggðar um aðgerðir samkvæmt viðmiðum þessum.

Samþykkt í fræðslunefnd 24.6.2025

Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri Auðarskóla